

Framhaldsnefndarálit

um frv. til l. um breytingu á nokkrum lögum á auðlinda- og orkusviði.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar.

Málinu var vísað til nefndarinnar að lokinni 2. umræðu og hefur hún fjallað um það á ný og fengið á sinn fund Kristján Skarphéðinsson og Guðjón Axel Guðjónsson frá iðnaðarráðuneyti, Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Guðmund Inga Ásmundsson frá Landsneti.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði sú almenna regla að flutningsfyrirtækið, eins og önnur sérleyfisfyrirtæki (dreifiveitur, hitaveitur og vatnsveitur), skuli ávallt vera í meirihlutaeigu opinberra aðila. Þannig verði lögbindið að slík starfsemi sé undir yfirráðum opinberra aðila og um leið að gætt sé lagasamræmis.

Í tilefni af athugasemdum sem fram komu í 2. umræðu málsins tekur meiri hlutinn fram að ákvæði 4. gr. frumvarpsins eru almenn og fella ekki úr gildi ákvæði til bráðabirgða XII raforkulaga, nr. 65/2003, sem halda mun gildi sínu þar til Alþingi tekur ákvörðun um annað. Bráðabirgðaákvæðið felur í sér að eigendum hlutafjár í flutningsfyrirtækinu er einungis heimilt að framselja hlutafé sitt til annarra hlutafjäreigenda í fyrirtækinu en ekki til aðila utan þess.

Meiri hlutinn bendir jafnframt á að þær breytingar sem gerðar eru í 4. gr. frumvarpsins á 1. mgr. 8. gr. raforkulaga breyta ekki ákvæðum sérlaga um einstök orkufyrirtæki hvað heimildir þeirra til sölu eignarhluta í Landsneti varðar.

Niðurstaða meiri hlutans er því sú að umrædd breyting feli ekki í sér yfirlýsingu um sölu á minnihlutaeign í Landsneti. Hér er eingöngu um að ræða almenna breytingu á lagagrein í gildandi raforkulögum sem ætlað er að tryggja að lágmarki meirihlutaeign opinberra aðila í fyrirtækinu. Aðrar greinar standa ásamt bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um hvaða fyrirtæki eiga í Landsneti. Öll þau fyrirtæki sem eiga í Landsneti nú eru í 100% eigu opinberra aðila.

Meiri hlutinn leggur til að málið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 28. maí 2008.

Katrín Júlíusdóttir,
form., frsm.

Kristján Þór Júlíusson.

Einar Már Sigurðarson.

Guðni Ágústsson.

Ragnheiður E. Árnadóttir.

Björk Guðjónsdóttir.